

Reykjavíkurborg  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2019  
UST201902-094/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag athafnarsvæðis - Hólmsheiði – Reykjavík**

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnarsvæði á Hólmsheiði í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssæðið er um 60 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis Höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins. Tillagan gerir ráð fyrir að skipuleggja athafnarsvæði með fjölbreyttum athafnalóðum á Hólmsheiði og lóðir undir gagnaver.

Markmið tillögunar er m.a. að halda í og skapa græna ímynd byggðar og umhverfis m.a. með því að halda í núverandi gróður og skógrækt eins og unnt er og styrkja með nýrri gróðursetningu og landmótun.

#### **Vatnsvernd**

Athafnarsvæðið á Hólmsheiði er að hluta til innan öryggissvæðis fyrir grunnvatn samkvæmt vatnsverndarkorti samþykkt 555/2015 og í gr. 56 segir;

*„Skipulag byggðar þ.m.t. íbúðabyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef metið er að lítil hættu sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs“.*

Í greinargerð kemur fram að ekki er gerð krafa um olúskiljur.t.d. frá bílastæðum en fyrir ákveðna starfsemi getur verið krafa í starfsleyfi um ýmsan mengunarvarnarbúnað, t.d. olúskiljur. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé fram í greinargerð tillögunar að farið verður eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, en í 4. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar segir: „*Oliúskilja skal vera af þeirri stærð að hún anni*

*Því vatnsálagi sem ætla má að borist geti af því svæði sem tengt er í olíuskiljubúnaðinn. Mögulegt skal vera að taka sýni í frárennsli. Á frárennsli frá olíuskilju skal vera einstreymisloki ef hætta er talin á bakrennsli í skilju. Hönnun og notkun skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.“*

### **Gróður og mótvægisáðgerðir**

Í greinargerð kemur fram að gróðurþekja svæðisins í heild mun minnka við uppbyggingu athafnasvæðis á Hólmsheiði, en á móti þeim ræktunarsvæðum sem fara undir byggð er gert ráð fyrir að planta í jafn stórt svæði annarsstaðar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar grasmóavist og lyngmóavist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðunum verði ekki raskað.

Í greinargerð kemur fram að vanda skal til alls frágangs settjarnar, fella hana vel að landi og staðháttum. Auk þess kemur fram að forðast skal óþarfa rask og það rask sem kann að verða við framkvæmdirnar skal græða upp með staðargróðri sem er einkennandi fyrir hvert svæði fyrir sig. Er það hægt m.a. með því að fræslægja á rasksvæði að framkvæmd lokinni.

Umhverfisstofnun bendir á að til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður ætti þegar við á, að leggja gróðurtorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs. Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að röskuð svæði verða grædd upp með staðargróðri sérstaklega ef um er að ræða vistgerðir sem hafa verndargildi.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur